

REGLUGERÐ

um umhverfismerki.

1. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að því að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar með því að efla hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun á þjónustu og vörum sem eru umhverfisvænar. Litið er til líftíma vörunnar í þessu sambandi. Umhverfismerkingum er ætlað að auðvelda val neytenda og innkaupaaðila á umhverfisvænni vöru og þjónustu. Jafnframt er framleiðendum og þjónustuaðilum gert auðveldara að framleiða og markaðssetja umhverfisvæna vöru og þjónustu.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um norræna umhverfismerkið, Svaninn og umhverfismerki Evrópubandalagsins, Blómið. Hún gildir um skilyrði fyrir veitingu þessara umhverfismerkja fyrir vörur og þjónustu.

Reglugerðin gildir ekki um umhverfismerkingar fyrir matvæli, drykki eða lyf.

Umhverfismerki þessi eru valfrjáls og veitt til þeirra sem óska eftir því og uppfyllt hafa allar kröfur viðkomandi merkis.

Skilgreiningar.

3. gr.

Í reglugerðinni merkja orð og orðasambönd eftirfarandi:

Framleiðsluflokkur; (vöruflokkur) vörur eða þjónusta sem þjónar svipuðum tilgangi og má nota á sambærilegan hátt.

„Lífsferill vöru“; ferill vörunnar „frá vöggu til grafar“, þ.e. hráefnisval, hönnun, framleiðsla, dreifing og notkun hennar sem og endurnýting og förgun.

Norræna umhverfismerkið, Svanurinn; sameiginlegt, opinbert norrænt umhverfismerki.

Umhverfismerki Evrópubandalagsins (EB), Blómið; sameiginlegt, opinbert umhverfismerki EES-svæðisins.

Umhverfisvæn; vara sem veldur minna umhverfisálagi en önnur sambærileg vara á markaði og þar sem tekið hefur verið tillit til umhverfisþátta „frá vöggu til grafar“.

Viðmiðunarregla; skjal sem inniheldur öll skilyrði og kröfur sem gerðar eru varðandi ákveðinn vöru- eða þjónustuflokk og liggja til grundvallar leyfi til að nota umhverfismerki.

2. KAFLI

Stjórnýsla.

Umhverfisstofnun.

4. gr.

Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðar þessarar nema annað sé sérstaklega tekið fram í reglugerðinni.

Umhverfisstofnun sér um daglegan rekstur og alla umsýslu vegna umhverfismerkjanna Svansins og Blómsins, s.s. meðferð umsókna, veitingu leyfa og hefur jafnframt eftirlit með

Því að notkun umhverfismerkjanna sé í samræmi við reglugerð þessa og samningsskilmála hverju sinni.

Umhverfismerkisráð.

5. gr.

Umhverfismerkisráð er samstarfshópur fulltrúa helstu hagsmunaaðila um umhverfismerki og er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um framkvæmd reglugerðar þessarar.

Í umhverfismerkisráði eiga sæti fulltrúar frá Umhverfisstofnun, Neytendasamtökunum, Samtökum iðnaðarins, Landvernd, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum ferðaþjónustu, Staðlaráði Íslands og Iðntæknistofnun Íslands. Fulltrúi Umhverfisstofnunar er formaður ráðsins og sér um að kalla ráðið saman.

Hlutverk umhverfismerkisráðs.

6. gr.

Hlutverk ráðsins er að marka stefnu fyrir umhverfismerkingar hér á landi, að höfðu samráði við umhverfisráðuneyti og taka ákvarðanir um viðmiðunarreglur.

Ennfremur er það hlutverk ráðsins að gefa umsagnir vegna kærumála, annast fræðslu og upplýsingastarfsemi, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum sem samræmast hlutverki ráðsins.

3. KAFLI

Norræna umhverfismerkið.

Útlit merkisins.

7. gr.

Norræna umhverfismerkið, Svanurinn, er mynd af hvítum svani á grænum fleti (litur: pms 347). Yfir merkinu stendur skrifað „UMHVERFISMERKI“. Vörur sem fengið hafa leyfi til að bera merkið skulu auðkenndar með leyfisnúmeri, sem eru sex tölur sem verða að sjást greinilega á viðkomandi vöru. Leyfisnúmerið skal vera undir umhverfismerkinu.

Heimilt er að setja ritaða texta, allt að þrjár línur undir umhverfismerkið, sbr. viðmiðunarreglur Svansins fyrir viðkomandi vöruflokk. Skýringarmynd er birt í fylgiskjali 1 með reglugerð þessari.

Meginreglur um veitingu og notkun.

8. gr.

Umhverfismerkið má veita þeirri vörutegund eða þjónustu sem uppfyllir viðmiðunarreglur fyrir viðkomandi vöruflokk eða þjónustu.

Þeim sem veitt hefur verið leyfi til að auðkenna vörur með umhverfismerkinu er heimilt að nota það í auglýsingar- og kynningarskyni.

Viðmiðunarreglur.

9. gr.

Samræmdar viðmiðunarreglur gilda fyrir tiltekna vöruflokk eða tiltekna þjónustu í þeim löndum sem veita norræna umhverfismerkið. Gildistími viðmiðunarreglna skal ekki vera lengri en þrjú ár, sbr. þó ákvæði 11. gr. Einu ári áður en gildistími viðmiðunarreglu rennur út skal Umhverfisstofnun tilkynna leyfishafa um væntanlegar breytingar og gildistöku nýrrar viðmiðunarreglu.

Leyfishafi skal sækja um endurnýjun á leyfi hyggist hann halda áfram að nota umhverfismerkið eftir að ný og endurskoðuð viðmiðunarregla tekur gildi. Fara skal með umsókn um endurnýjun sem nýja umsókn og greiða gjöld í samræmi við það.

Upplýsingar um viðmiðunarreglur fyrir vöruflokka og þjónustu sem samþykktir hafa verið liggja frammi hjá Umhverfisstofnun og á heimasíðu hennar.

Veiting merkisins.

10. gr.

Umhverfisstofnun veitir leyfi til að nota norræna umhverfismerkið hér á landi í samræmi við notkunarskilmála, sbr. 15. gr.

Leyfi til að nota umhverfismerkið skal veitt í tiltekinn tíma og má hann ekki vera lengri en gildistími einstakra viðmiðunarreglna sbr. 9. gr., sbr. þó ákvæði 11. gr.

Framlenging á gildistíma viðmiðunarreglu.

11. gr.

Hafi gildistími tiltekinnar viðmiðunarreglu verið framlengdur framlengist einnig gildistími leyfa sem hafa verið veitt og byggjast á sömu útgáfu af viðmiðunarreglu.

Umsókn.

12. gr.

Framleiðendur, innflytjendur eða umboðsaðilar vöru eða þjónustu geta sótt um leyfi til að nota umhverfismerkið hér á landi. Umsókn um heimild til þess að nota norræna umhverfismerkið skal senda til Umhverfisstofnunar á sérstökum eyðublöðum.

Umsækjendum ber að greiða umsóknargjald þegar umsókn er lögð inn í samræmi við gjaldskrá sem umhverfisráðherra setur.

Upplýsingar í umsókn.

13. gr.

Í umsókn skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eftirfarandi:

1. nafn og heimilisfang umsækjanda,
2. vöruflokk eða þjónustu sem sótt er um leyfi fyrir,
3. heiti vöru eða nánari skilgreining ef um þjónustu er að ræða,
4. hvernig vörutegund eða þjónusta uppfyllir þær kröfur sem fram koma í viðkomandi viðmiðunarreglu,
5. áætlaða ársveltu viðkomandi vöruflokks eða þjónustu,
6. upplýsingar um fyrri umsókn eða umsóknir.

Umsóknin skal uppfylla markmið reglugerðar þessarar og skilyrði viðmiðunarreglu fyrir viðkomandi vöruflokk eða þjónustu.

Nú reynist umsókn um umhverfismerki ófullnægjandi og skal þá vísa umsókninni frá skriflega. Umhverfisstofnun skal veita upplýsingar og leiðbeiningar um það sem betur má fara.

Allur kostnaður við gerð umsóknar (mælingar, prófanir o.þ.h.) greiðist af umsækjanda.

Umsóknargjald endurgreiðist ekki þótt umsókn sé hafnað nema 3. mgr. eigi við.

Meðferð umsóknar.

14. gr.

Umhverfisstofnun fjallar um umsóknir og tekur ákvörðun um veitingu umhverfismerkis eigi síðar en þremur mánuðum eftir móttöku umsóknar. Leita skal umsagnar umhverfismerkisráðs áður en ákvörðun er tekin um veitingu umhverfismerkisins.

Reynist ekki auðið að taka ákvörðun um veitingu umhverfismerkis innan þess frests sem gefinn er skv. 1. mgr. skal gera umsækjanda grein fyrir því bréflaga og tilgreina ástæður fyrir seinkuninni.

Synji Umhverfisstofnun umsókn um leyfi til að nota umhverfismerki á tiltekna vörutegund eða þjónustu skal tilkynna umsækjanda það skriflega og tilgreina ástæður synjunar.

Notkunarskilmálar.

15. gr.

Þeir einir sem hafa fengið útgefið leyfi hjá Umhverfisstofnun og undirritað notkunarskilmála mega nota norræna umhverfismerkið, Svaninn, á Íslandi, sbr. þó ákvæði 16. gr. um skrásetningu á leyfum sem eru útgefin í öðrum löndum sem taka þátt í samstarfi um norræna umhverfismerkið Svaninn.

Útgefið leyfi er uppsegjanlegt með þriggja mánaða fyrirvara og geta báðir aðilar sagt því upp. Uppsögnin skal vera skrifleg og móttaka staðfest eða send í ábyrgðarpósti. Uppsögn Umhverfisstofnunar á samningi milli aðila skal vera rökstudd.

Brot á notkunarskilmálum getur orðið tilefni fyrirvaralausrar uppsagnar leyfis af hálfu Umhverfisstofnunar.

Gagnkvæm viðurkenning.

16. gr.

Veiting norræna umhverfismerkisins, Svansins, í einu landi gildir í þeim löndum sem taka þátt í veitingu þess. Til þess að mega nota umhverfismerkið á vöruflokk eða þjónustu í öðru landi en Íslandi verður að skrásetja það sérstaklega, sbr. 17. gr. reglugerðarinnar.

Skrásetning.

17. gr.

Umhverfisstofnun skrásetur leyfi fyrir vörur eða þjónustu sem fengið hafa norræna umhverfismerkið í öðrum löndum. Notkun umhverfismerkis er óheimil fyrr en tilkynning hefur verið send stofnuninni.

Beiðni um skrásetningu skulu fylgja upplýsingar um nafn framleiðanda, umboðsaðila og væntanlega sölu á þeirri vöru eða þeim vörum sem fengið hafa leyfi til að nota umhverfismerkið. Einnig skal fylgja beiðni um skrásetningu afrit af upphaflegu leyfi fyrir notkun norræna umhverfismerkisins sem útgefið hefur verið í einhverju hinna Norðurlandanna.

Beiðni um skrásetningu hér á landi skal afgreiða innan tveggja vikna frá móttöku. Þó er heimilt að lengja þennan frest í fjórar vikur ef afla þarf viðbótar gagna t.d. frá leyfisveitanda.

4. KAFLI

Umhverfismerki Evrópubandalagsins, Blómið.

18. gr.

Með vísan til tl. 2a og 2ac í I. kafla XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahags-svæðið (EES-samningsins) taka með reglugerð þessari gildi:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins. Reglugerðin er birt í fylgiskjali 2. Í reglugerðinni gilda tilvísanir til ESB einnig fyrir EES-ríkin.
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/729/EB varðandi staðlaðan samning um notkunarskilmála umhverfismerkis bandalagsins, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 31, 27. júní 2002, bls. 132-135.

Með vísan til meginmáls samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í tl. 2 í I. kafla XX. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka ákvarðana um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir tiltekna framleiðsluflokka og þjónustu og sem liggja frammi hjá Umhverfisstofnun og finna má á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is.

Umhverfisstofnun er heimilt að veita leyfi til að nota umhverfismerki Evrópu-bandalagsins (EB), Blómið, vegna vöru og þjónustu sem uppfyllir viðmiðunarreglur sem settar hafa verið um notkun merkisins. Umhverfisstofnun fer með umsýslu, framkvæmd og eftirlit framangreindra gerða samkvæmt ákvæði þessu.

5. KAFLI

Fræðslu- og kynningarstarfsemi.

Almennar upplýsingar.

19. gr.

Umhverfisstofnun ber að upplýsa neytendur og fyrirtæki um eftirfarandi:

1. tilganginn með veitingu umhverfismerkja,
2. hvaða framleiðsluflokkar hafa verið valdir,
3. viðmiðunarreglur fyrir hvern framleiðsluflokk,
4. hvernig sækja á um umhverfismerki.

Að öðru leyti annast umhverfismerkisráð fræðslu- og kynningarstarfsemi.

Umhverfisstofnun birtir upplýsingar, sbr. 1. mgr., á heimasíðu stofnunarinnar.

6. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Eftirlit.

20. gr.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar um notkun umhverfismerkja, s.s. notkunarskilmálum, og að útlit umhverfismerkja sé í samræmi við viðauka reglugerðarinnar.

Aðgangur að upplýsingum.

21. gr.

Um aðgang að upplýsingum gilda lög nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál, upplýsingalög nr. 50/1996 og ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þagnarskylda.

22. gr.

Þeir sem starfa samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru bundnir þagnarskyldu um atriði er varða framleiðslu- og verslunarleynd. Sama gildir um atriði sem þeir fá vitneskju um og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Greiðsla kostnaðar.

23. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir umsóknargjald fyrir vinnslu umsókna og skrásetningu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari. Gjaldið skal svara til kostnaðarins við afgreiðslu umsóknar, útgáfu leyfis og skrásetningu hér á landi. Umsækjendur skulu standa undir kostnaði við nauðsynlegar prófanir og sannprófanir. Einnig innheimtir Umhverfisstofnun árgjald fyrir notkun umhverfismerkjanna.

Umhverfisstofnun innheimtir kostnað vegna eftirlits með því að ákvæði reglugerðar þessarar sé fylgt.

Ráðherra setur gjaldskrá, sbr. 1. mgr., að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og umsögn umhverfismerkisráðs, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjöld samkvæmt ákvæði þessu má innheimta með fjárnámi.

Ágreiningur um framkvæmd.

24. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd reglugerðarinnar eða um ákvarðanir Umhverfisstofnunar samkvæmt henni er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.

25. gr.

Ákvæði VI. og VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gilda um valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

7. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

26. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig er hliðsjón höfð af ákvæðum tl. 2 í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/729/EB varðandi staðlaðan samning um notkunarskilmála umhverfismerkis bandalagsins.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 377/1994 um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu og 2. tl. 1. gr. auglýsingar nr. 626/1997 um gildistöku EES-ákvarðana er varða umhverfismerki bandalagsins.

Umhverfissráðuneytinu, 26. júní 2006

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal 1.



123

456

Myndin skal prentuð:

- í grænum lit (Pantone PMS 347c),
- textinn undir merkinu skal vera svartur og merkið sjálft grænt og hvítt,
- ef bakgrunnur leyfir ekki grænt merki, má merkið og textinn vera í svart/hvítu.
- undir merkinu skal alltaf birta leyfisnúmer,
- prentletur á texta skal vera Helvetica, beint, og með stórum upphafsstaf (capital).

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1980/2000**

frá 17. júlí 2000

um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins

EVRÓPUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFÁ,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Markmið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB ⁽⁴⁾ voru að koma á fót valfrjálstu kerfi um umhverfismerki bandalagsins sem ætlað er að koma á framfæri vörum sem hafa lítil umhverfisáhrif allan endingartíma sinn og að veita neytendum upplýsingar um umhverfisáhrif vara sem eru nákvæmar, ekki villandi og byggðar á vísindalegum grunni.
- 2) Í 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að innan fimm ára frá gildistöku hennar beri framkvæmdastjórninni að endurskoða kerfið í ljósi fenginnar reynslu af rekstri þess og gera tillögur um breytingar á reglugerðinni.
- 3) Reynslan, sem fengist hefur af framkvæmd reglugerðarinnar, hefur sýnt að þörf er á að breyta kerfinu í því skyni að auka skilvirkni, bæta skipulagningu og hagræða í rekstri þess.
- 4) Grundvallarmarkmið fyrir valfrjálst kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins, sem byggist á valkostum, eru enn í gildi. Slíkt kerfi skal einkum vera neytendum til leiðbeiningar varðandi vörur sem geta

hugsanlega dregið úr áhrifum á umhverfið þegar litið er til endingartíma þeirra í heild og gefa upplýsingar um umhverfiseiginleika merktra vara.

- 5) Til þess að kerfið um veitingu umhverfismerkis bandalagsins öðlist viðurkenningu almennings er nauðsynlegt að frjáls félagsamtök á sviði umhverfismála og neytendasamtök hafi mikilvægu hlutverki að gegna að því er varðar þróun og viðmiðanir fyrir umhverfismerki bandalagsins.
- 6) Nauðsynlegt er að útskýra fyrir neytendum að umhverfismerkið standi fyrir þær vörur sem hugsanlega geta dregið úr tilteknum neikvæðum umhverfisáhrifum samanborið við aðrar vörur í sama vöruflokki með fyrirvara um ákvæði laga og reglna sem gilda um vörur í bandalaginu eða innanlands.
- 7) Gildissvið kerfisins ætti að ná til vara og umhverfisþátta sem skipta máli bæði með tilliti til innri markaðarins og umhverfisins. Hvað þessa reglugerð varðar nær hugtakið vara einnig yfir þjónustu.
- 8) Uppfæra ber málsmeðferð og aðferðafræði þeirra leiða sem eru farnar við setningu viðmiðana varðandi umhverfismerki í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni og fenginnar reynslu á þessu sviði til að tryggja samræmi við viðeigandi, alþjóðlega viðurkennda staðla sem eru í þróun á þessu sviði.
- 9) Meginreglurnar um ákvörðun á því hversu víðtækir valkostirnir fyrir umhverfismerkið skuli vera ber að gera skýrari í því skyni að auðvelda samræmda og skilvirka framkvæmd kerfisins.
- 10) Á umhverfismerkinu skulu koma fram upplýsingar sem eru einfaldar, nákvæmar, ekki villandi og byggðar á vísindalegum grunni varðandi lykilumhverfisþættina sem tekið er tillit til þegar merkið er veitt í því skyni að gefa neytendum kost á upplýstu vali.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 114, 12.4.1997, bls. 9 og

Stjtið. EB C 64, 6.3.1999, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 296, 29.9.1997, bls. 77.⁽³⁾ Álit Evrópupingsins frá 13. maí 1998 (Stjtið. EB C 167, 1.6.1998, bls. 118), staðfest 6. maí 1999. Sameiginleg afstaða ráðsins frá 11. nóvember 1999 (Stjtið. EB C 25, 28.1.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópupingsins frá 15. mars 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 29. júní 2000.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 99, 11.4.1992, bls. 1.

- 11) Kappkosta skal á mismunandi stigum veitingar umhverfismerkis að tryggja skilvirka notkun auðlinda og víðtæka umhverfisvernd.
- 12) Nauðsynlegt er að veita meiri upplýsingar á merkinu um ástæður fyrir veitingu þess í því skyni að hjálpa neytendum að skilja gildi þess að merkið er veitt.
- 13) Þegar til lengri tíma er lítið ætti kerfið um veitingu umhverfismerkis að standa undir kostnaði. Fjárframlög frá aðildarríkjunum ættu ekki að aukast.
- 14) Nauðsynlegt er að fela viðeigandi stofnun, umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins (EUEB), það verkefni að taka þátt í að setja og endurskoða viðmiðanir varðandi umhverfismerki sem og kröfur vegna mats- og sannprófunarkerfa í því skyni að ná skilvirkri og hlutlausri framkvæmd þessa kerfis. Umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins ætti að vera skipuð þar til bæru aðilunum sem þegar hafa verið tilnefndir af aðildarríkjunum samkvæmt 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 og samráðsfundi sem ætti að stuðla að því að jafnvægi sé í þátttöku allra viðeigandi hagsmunaaðila.
- 15) Nauðsynlegt er að tryggja að kerfið um veitingu umhverfismerkis bandalagsins sé sjálfu sér samkvæmt og í samræmi við forgangsatríði umhverfismálastefnu bandalagsins og við önnur merkinga- eða gæðavottunarkerfi bandalagsins eins og t.d. þau sem komið var á fót með reglugerð ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ⁽¹⁾ og með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽²⁾.
- 16) Þó að heimilt sé að núverandi, sem og ný, kerfi um veitingu umhverfismerkis í aðildarríkjunum haldi áfram að vera til staðar skal gera ráðstafanir til að tryggja að samræmi sé á milli kerfis bandalagsins og annarra kerfa um veitingu umhverfismerkis í bandalaginu í því skyni að stuðla að sameiginlegum markmiðum um sjálfbæra neyslu.
- 17) Nauðsynlegt er að ábyrgjast gagnsæi við innleiðingu kerfisins og tryggja að það sé í samræmi við viðeigandi alþjóðlega staðla í því skyni að auðvelda framleiðendum og útflytjendum í löndum utan bandalagsins aðgang að og þátttöku í kerfinu.
- 18) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um

meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽³⁾.

- 19) Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar (EBE) nr. 880/92 í því skyni að taka upp á sem skilvirkastan hátt nauðsynleg endurskoðuð ákvæði af framangreindum ástæðum en viðeigandi bráðabirgðaákvæði tryggja samfellda og snurðulausa aðlögun milli þessara tveggja reglugerða.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið og meginreglur

1. Markmið kerfis um veitingu umhverfismerkis bandalagsins (sem hér á eftir kallast kerfið) er að koma á framfæri vörum sem hugsanlega geta dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum í samanburði við aðrar vörur í sama vöruflokki og stuðla þannig að skilvirkri nýtingu auðlinda og víðtækri umhverfisvernd. Framfylgja skal þessu markmiði með því að veita neytendum slíkra vara leiðbeiningar og upplýsingar sem eru nákvæmar, ekki villandi og byggðar á vísindalegum grunni.

Í þessari reglugerð:

- tekur hugtakið „vara“ til hvers kyns söluvöru eða þjónustu,
 - tekur hugtakið „neytandi“ einnig til þess sem kaupir í atvinnuskyni.
2. Umhverfisáhrifin skulu ákvörðuð á grundvelli rannsóknar á víxlverkun varanna við umhverfið, þ. m. t. notkun á orku og náttúrulegum auðlindum á endingartíma vörunnar.
3. Þátttaka í kerfinu skal vera með fyrirvara um umhverfiskröfur eða aðrar stjórnsýslukröfur bandalagslaga eða innlendra laga sem eiga við um mismunandi stig á endingartíma vörunnar og, eftir því sem við á, þjónustu.
4. Framkvæmd kerfisins skal vera í samræmi við ákvæði sáttmálanna, þar með talin varúðarreglan ásamt gerningum sem hafa verið samþykktir samkvæmt henni og umhverfismálastefnu bandalagsins eins og tilgreint er í stefnu- og aðgerðaáætlun bandalagsins í tengslum við fimmtu aðgerðaáætlunina um umhverfi og sjálfbæra þróun sem komið var á fót með ályktuninni frá 1. febrúar 1993 ⁽⁴⁾, og samræma skal hana öðru fyrirkomulagi við merkingar eða gæðavottun sem og kerfum eins og til dæmis orkumerkingarkerfi bandalagsins, sem komið var á fót með tilskipun 92/75/EBE, og kerfinu um lífrænan landbúnað sem komið var á fót með reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 297, 13.10.1992, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1804/1999 (Stjtið. EB L 222, 24.8.1999, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 138, 17.5.1993, bls. 1.

2. gr.

Gildissvið

1. Heimilt er að veita þeim vörum umhverfismerki bandalagsins sem eru á boðstólum innan bandalagsins sem samræmast grundvallarumhverfiskröfum sem um getur í 3. gr. og viðmiðunum fyrir umhverfismerki sem um getur í 4. gr. Viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki skulu ákvarðaðar eftir vöruflokkum.

Vöruflokkur er hvers kyns söluvara eða þjónusta sem þjóna svipuðum tilgangi og eru jafngild að mati neytandans og hvað notkun varðar.

2. Til þess að falla undir þetta kerfi verður vöruflokkur að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) hann skal vera umtalsverður hluti sölu og viðskipta á innri markaðnum;
- b) hann skal, á einu eða fleiri stigum endingartíma vörunnar, valda verulegum umhverfisáhrifum hnattrænt eða svæðisbundið og/eða almennt séð;
- c) hann skal fela í sér verulega möguleika á að ná fram umhverfisumbótum gegnum val neytenda, sem og hvatningu til framleiðenda eða þjónustuveitenda að sækjast eftir samkeppnisforskoti, með því að bjóða fram vörur sem eru hæfar til að hljóta umhverfismerkið; og
- d) verulegur hluti sölumagnsins skal seldur til endanlegrar neyslu eða notkunar.

3. Heimilt er að skipta vöruflokki niður í undirflokka með samsvarandi samþykkt á viðmiðunum fyrir umhverfismerki þegar eiginleikar vörunnar krefjast þess og með tilliti til þess að tryggja hagstæðustu möguleikana á að umhverfismerkið hafi áhrif á umhverfisumbætur.

Viðmiðanirnar fyrir umhverfismerki, sem varða mismunandi undirflokka eins vöruflokks, sem sama viðmiðunarskjal nær til, birt í samræmi við 5. mgr. 6. gr., skulu taka gildi á sama tíma.

4. Ekki er heimilt að veita umhverfismerki bandalagsins fyrir efni og efnablöndur sem flokkast sem mjög eittraðar, eittraðar, hættulegar umhverfinu, krabbameinsvaldandi, hafa skaðleg áhrif á æxlun eða stökkbreytivaldar í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE ⁽¹⁾ eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ⁽²⁾ eða fyrir söluvörur sem framleiddar eru með vinnsluferlum sem eru líkleg til að skaða menn og/eða umhverfið verulega eða sem við venjulega notkun gætu verið skaðlegar neytandanum.

5. Reglugerð þessi skal ekki gilda um matvæli, drykkjarvörur, lyf né um lækningatæki eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 93/42/EBE ⁽³⁾, þegar tækin eru einungis ætluð til nota í atvinnuskyni eða skrifa þarf upp á þau eða þau notuð undir eftirliti lækna.

⁽¹⁾ Stjtið. 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/33/EB (Stjtið. EB L 199, 30.7.1999, bls. 57).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB (Stjtið. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

3. gr.

Umhverfiskröfur

1. Heimilt er að veita umhverfismerki fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum, sem gera það að verkum, að hún stuðlar að verulegum umbótum hvað varðar lykilumhverfispætti, sem tengjast markmiðunum og meginreglunum sem sett eru fram í 1. gr. Þessir umhverfispættir skulu ákvarðaðir með hliðsjón af leiðbeinandi matstöflu í I. viðauka til hliðsjónar og skulu uppfylla aðferðafræðilegu kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka.

2. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda:

- a) við mat á samanburðarumbótum skal taka tillit til nettó mismunar á ávinningi og byrði fyrir umhverfið, þar með taldir heilbrigðis- og öryggisþættir sem tengjast þeirri aðlögun sem á sér stað á mismunandi stigum endingartíma varanna sem verið er að fjalla um. Í matinu skal einnig taka til greina mögulegan ávinning fyrir umhverfið sem tengist notkun á vörunum sem um er ræða;
- b) lykilumhverfispættir skulu ákvarðaðir með því að greina þá flokka umhverfisáhrifa þar sem framlag vörunnar með tilliti til endingartíma er mest og, á meðal slíkra þátta, þá sem búa yfir hvað mestum möguleikum til umbóta;
- c) það stig á endingartíma söluvara áður en til framleiðslu kemur felur í sér útdrátt eða framleiðslu og vinnslu á hráefnum og orkuframleiðslu. Taka skal tillit til þessara þátta eftir því sem er tæknilega mögulegt.

4. gr.

Viðmiðanir fyrir umhverfismerki og kröfur vegna mats og sannprófunar

1. Setja skal sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum. Í þessum viðmiðunum eru settar fram kröfurnar fyrir hvern lykilumhverfispátt um sig, sem um getur í 3. gr., og vara verður að uppfylla svo að til greina komi að veita henni umhverfismerki, þar með taldar kröfur varðandi það hversu vel varan er til þess fallin að uppfylla þarfar neytenda.

2. Viðmiðanirnar skulu miða að því að tryggja að valið sé á grundvelli eftirfarandi meginreglna:

- a) horfur á því að varan komist á markað í bandalaginu á gildistíma viðmiðananna skulu vera nægilega miklar til að hafa áhrif á umhverfisumbætur gegnum val neytenda;
- b) valkostir viðmiðananna skulu taka mið af tæknilegri og efnahagslegri hagkvæmni þeirrar aðlögunnar sem er nauðsynleg til að uppfylla þær innan sanngjarns tíma;

c) ákvarða skal valkosti viðmiðananna með það fyrir augum að ná fram hámarks möguleikum á umhverfisumbótum.

3. Kröfur til að meta hvort tilteknar vörur uppfylli viðmiðanir fyrir umhverfismerki og til að sannprófa notkunarskilmálana fyrir umhverfismerkið, sem um getur í 1. mgr. 9. gr., skal setja fyrir hvern vöruflokk ásamt viðmiðunum fyrir umhverfismerkið.

4. Tilgreina skal gildistíma viðmiðananna og mats- og sannprófunarkrafanna innan hvers hóps viðmiðana fyrir umhverfismerki fyrir hvern vöruflokk.

Endurskoðun á viðmiðunum fyrir umhverfismerki, sem og mats- og sannprófunarkröfunum er varða viðmiðanirnar, skal fara fram í tæka tíð áður en gildistímabili viðmiðananna, sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk, lýkur og skal ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.

5. gr.

Vinnuáætlun

Í samræmi við markmiðin og meginreglurnar sem sett eru í 1. gr. skal framkvæmdastjórnin gera vinnuáætlun um umhverfismerki bandalagsins innan eins árs frá gildistöku þessarar reglugerðar að undangengnu samræði við nefndina um umhverfismerkingar innan Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd umhverfismerkinganefndin) sem kveðið er á um í 13. gr. í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. Vinnuáætlunin skal fela í sér skipulag um þróun á kerfinu sem ætti fyrir næstu þrjú ár að:

- setja markmið varðandi umhverfisumbætur og markaðssókn sem kerfið reynir að ná fram,
- útbúa skrá, sem ekki er tæmandi, yfir vöruflokka sem hafa forgang hvað bandalagsaðgerðir varðar,
- gera áætlunir um samræmingu og samvinnu milli kerfisins og annarra kerfa um veitingu umhverfismerkja í aðildarríkjunum.

Vinnuáætlunin skal sérstaklega taka tillit til þróunarinnar á sameiginlegum aðgerðum til að koma á framfæri vörum sem umhverfismerkið hefur verið veitt fyrir og að komið verði á fyrirkomulagi við að skiptast á upplýsingum varðandi núverandi og framtíðarvöruflokka á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.

Í vinnuáætluninni skal einnig kveðið á um ráðstafanir varðandi framkvæmdina og skal hún fela í sér áætlun um fjármögnun kerfisins.

Þar skal einnig vera að finna yfirlit yfir þá þjónustu sem kerfið gildir ekki um og taka tillit til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sem heimilar samtökum frjálsa aðild að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Vinnuáætlunina skal endurskoða reglulega. Í fyrstu endurskoðuninni á vinnuáætluninni skal gera skýrslu um hvernig áætlunum um samræmingu og samvinnu milli kerfis bandalagsins og innlenda umhverfismerkingakerfisins hefur verið hrint í framkvæmd.

6. gr.

Málsmeðferð við setningu viðmiðana fyrir umhverfismerki

1. Skilyrðin fyrir veitingu umhverfismerkis skulu skilgreind fyrir hvern vöruflokk.

Ákvarða skal sérstakar umhverfisviðmiðanir fyrir hvern vöruflokk og gildistíma þeirra í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. að höfðu samræði við umhverfismerkinganefndina.

2. Framkvæmdastjórnin skal hefja málsmeðferðina að eigin frumkvæði eða að beiðni umhverfismerkinganefndarinnar. Hún skal veita umhverfismerkinganefndinni umboð til að fara með framkvæmd verkefnis við að þróa og endurskoða reglulega viðmiðanir fyrir umhverfismerki og einnig mats- og sannprófunarkröfur, sem tengjast þessum viðmiðunum og eiga við um vöruflokkana, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Í umboðinu skal kveðið á um tímamörk fyrir verklok.

Þegar framkvæmdastjórnin útbýr umboðið skal hún taka tilhlýðilegt tillit til

- vinnuáætlunarinnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.,
- aðferðafræðilegu krafanna sem um getur í II. viðauka.

3. Umhverfismerkinganefndin skal, á grundvelli umboðsins, setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki fyrir vöruflokkinn og mats- og sannprófunarkröfur í tengslum við þær viðmiðanir, eins og kemur fram í 4. gr. og IV. viðauka, og taka jafnframt tillit til niðurstaðna hagkvæmnis- og markaðsrannsóknna, mats á endingartíma og umbótgreiningarinnar sem um getur í II. viðauka.

4. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um viðmiðanirnar sem um getur í 3. mgr. og skal hún ákveða hvort verkefninu:

- sé lokið og hvort hægt sé að senda viðmiðanirnar til stjórnsýslunefndarinnar í samræmi við 17. gr., eða
- sé ekki lokið og að í því tilviki skuli umhverfismerkinganefndin halda áfram starfi sínu við viðmiðanirnar

5. Framkvæmdastjórnin skal birta viðmiðanirnar fyrir umhverfismerkið og uppfærslur á þeim í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (L-hluta).

7. gr.

Veiting umhverfismerkisins

1. Framleiðendum, innflytjendum, þjónustuveitendum, kaupmönnum og smásölum er heimilt senda inn umsóknir um umhverfismerki. Þeim tveimur síðastnefndu er einungis heimilt að senda inn umsóknir fyrir vörur sem eru markaðssettar undir eigin tegundarheiti.

2. Heimilt er að umsóknin vísi til vöru sem er markaðssett undir einu eða fleiri tegundarheitum. Ekki er krafist nýrra umsókna vegna breytinga á eiginleikum vara sem ekki hafa áhrif á samræmi við viðmiðanirnar. Þar til bærum aðilum skal hins vegar gerð grein fyrir verulegum breytingum.

3. Umsókninni skal skilað inn til þar til bærs aðila í samræmi við eftirfarandi:

- ef um vöru er að ræða sem er upprunnin í einu aðildarríki skal umsókninni skilað inn til þar til bærs aðila í því aðildarríki;
- ef vara er upprunnin í sama formi í mörgum aðildarríkjum þá er heimilt að skila inn umsókninni til þar til bærs aðila í einu þessara aðildarríkja. Í slíkum tilvikum skal þar til bæri aðilinn, sem í hlut á, við mat á umsókninni, hafa samráð við þar til bæru aðilana í þessum öðrum aðildarríkjum;
- ef vara er upprunnin utan bandalagsins er heimilt að skila inn umsókninni til þar til bærs aðila í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem á að markaðssetja vöruna eða þar sem hún hefur verið markaðssett.

4. Þar til bæra stofnunin, sem tekur við umsókninni, skal taka ákvörðun um að veita umhverfismerki eftir að hafa:

- sannprófað að varan sé í samræmi við viðmiðanirnar sem eru birtar samkvæmt 5. mgr. 6. gr.;
- sannprófað að umsóknin standist mats- og sannprófunarkröfurnar; og
- haft samráð við þar til bæra aðila, þar sem það er nauðsynlegt, samkvæmt 3. mgr.

5. Ef viðmiðanir fyrir umhverfismerki krefjast þess að framleiðsluaðstaðan uppfylli ákveðnar kröfur skulu þessar kröfur uppfylltar alls staðar þar sem varan er framleidd.

6. Þar til bærir aðilar skulu viðurkenna prófanir og sannprófanir sem framkvæmdar eru af aðilum sem eru viðurkenndir samkvæmt EN 45000-stöðlunum eða jafngildum alþjóðlegum stöðlum. Þar til bærir aðilar skulu vinna saman í því skyni að tryggja skilvirka og samræmda framkvæmd á mats- og sannprófunaraðferðunum.

8. gr.

Umhverfismerkið

Form umhverfismerkisins skal vera í samræmi við III. viðauka. Forskriftir fyrir umhverfisupplýsingar, sem eiga við um hvern vöruflokk og fyrir framsetningu þeirra upplýsinga á umhverfismerkinu, skal vera að finna í viðmiðunum sem settar eru samkvæmt 6. gr. Í öllum tilvikum skulu upplýsingarnar vera skýrar og auðskiljanlegar.

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við innlend neytendasamtök, sem eiga fulltrúa í neytendaneftinni sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/260/EB⁽¹⁾, fyrir 24. september 2005, í því skyni að meta á hversu skilvirkan hátt umhverfismerkið og viðbótarupplýsingarnar uppfylla upplýsingabörf neytenda. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þessa mats, taka upp allar

viðeigandi breytingar hvað varðar upplýsingar sem eiga að koma fram á umhverfismerkinu í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 17. gr.

9. gr.

Notkunarskilmálar

1. Þar til bæri aðilinn skal gera samning við umsækjanda um umhverfismerki um notkunarskilmála merkisins. Í skilmálunum skulu vera ákvæði um afturköllun á leyfi til að nota merkið. Leyfið skal tekið til athugunar og samningurinn endurskoðaður eða honum sagt upp, eftir því sem við á, í kjölfar hvers kyns endurskoðunar á viðmiðunum fyrir umhverfismerki sem gilda um tiltekna vöru. Í samningnum skal koma fram að þátttaka í kerfinu er með fyrirvara um umhverfiskröfur eða aðrar stjórnslukröfur bandalagslaga eða innlendra laga sem eiga við um mismunandi stig á endingartíma vörunnar, og eftir því sem við á, þjónustu.

Til að auðvelda þetta skal samþykka staðlaðan samning í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

2. Ekki er heimilt að nota umhverfismerkið og ekki er heimilt að vísa til umhverfismerkisins í auglýsingum fyrr en merkið hefur verið veitt og þá einungis í tengslum við þá tilteknu vöru sem það hefur verið veitt fyrir.

Rangar eða villandi auglýsingar eða notkun hvers kyns merkis eða kennimerkis, sem getur leitt til þess að þeim sé ruglað saman við umhverfismerki bandalagsins, eins og það er tekið upp með þessari reglugerð, er bönnuð.

10. gr.

Kynning á umhverfismerkinu

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, í samvinnu við aðilana að umhverfismerkinganefndinni, stuðla að notkun á umhverfismerki bandalagsins með aðgerðum til vitundarvakningar og upplýsingaferðum fyrir neytendur, framleiðendur, kaupmenn, smásala og almenning og styðja þannig þróun kerfisins.

Í því skyni að hvetja til notkunar á vörum, sem bera umhverfismerkið, ættu framkvæmdastjórnin og aðrar stofnanir bandalagsins sem og önnur almenn innlend yfirvöld, með fyrirvara um lög bandalagsins, að gefa fordæmi með því að tilgreina þær kröfur sem þær gera varðandi vörur.

11. gr.

Önnur umhverfismerkingakerfi í aðildarríkjunum

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu taka ákvörðun í því skyni að tryggja nauðsynlega samræmingu milli kerfis bandalagsins og innlendra kerfa í aðildarríkjunum, einkum við val á vöruflokkum sem og þróun og endurskoðun á viðmiðunum á vettvangi bandalagsins og innlendum vettvangi. Í þessu skyni skal gera ráðstafanir varðandi samvinnu og samræmingu í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 17. gr., meðal annars þær sem fyrirhugaðar eru í vinnuáætluninni sem gerð var í samræmi við 5. gr.

(¹) Stjóð. EB L 162, 13.7.1995, p. 37.

Ef vara ber bæði umhverfismerki bandalagsins og innlenda merkið skulu kennimerkin vera hlið við hlið á vörinni.

Að því er þetta varðar geta núverandi sem og ný umhverfismerkingakerfi í aðildarríkjunum haldið áfram að vera til staðar í kerfinu.

12. gr.

Kostnaður og gjöld

Fyrir hverja umsókn um veitingu umhverfismerkis er greitt gjald sem svarar til kostnaðarins við afgreiðslu umsóknarinnar.

Umsækjandinn skal greiða árgjald fyrir notkun á umhverfismerkinu.

Upphæð umsóknar- og árgjalda skal ákvörðuð í samræmi við V. viðauka og samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 17. gr.

13. gr.

Umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin skal koma á fót nefnd um umhverfismerkingar innan Evrópusambandsins sem samanstendur af þar til bærum aðilum, sem um getur í 14. gr., og samráðsfundinum sem um getur í 15. gr. Umhverfismerkinganefndin skal einkum vinna að setningu og endurskoðun viðmiðana fyrir umhverfismerki og einnig að því að setja kröfur vegna mats og sannprófunar í samræmi við 6. gr.

Framkvæmdastjórnin skal setja starfsreglur fyrir umhverfismerkinganefndina í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. og að teknu tilliti til meginreglna um málsmeðferð sem eru settar fram í IV. viðauka.

14. gr.

Þar til bærir aðilar

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að aðilinn eða aðilarnir (sem hér á eftir kallast þar til bæri aðilinn eða þar til bæru aðilarnir), sem eru ábyrgir fyrir því að inna af hendi þau verkefni sem kveðið er á um í þessari reglugerð, sé/ séu tilnefndir og starfandi. Þar sem fleiri en einn þar til bær aðili er tilnefndur skal aðildarríkið ákvarða völd hvers aðila fyrir sig og samræmingu á kröfunum sem eiga við um hvern.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að:

- a) samsetning þar til bæru aðilanna sé þannig að sjálfstæði og hlutleysi þeirra sé tryggt;
- b) starfsreglur þar til bæru aðilanna tryggi, á innlendum vettvangi, virka þátttöku allra hagsmunaaðila og að þær séu hæfilega gagnsæar;
- c) þar til bæru aðilarnir beiti ákvæðum þessarar reglugerðar á réttan hátt.

15. gr.

Samráðsfundur

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að umhverfismerkinganefndin fylgist með því í störfum sínum, að því er alla vöruflokkar varðar, að jafnvægi sé í þátttöku allra hagsmunaaðila að því er varðar viðkomandi vöruflokk, svo sem iðnaðar- og þjónustugreinar, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, handverksmenn og samtök þeirra, stéttarfélag, kaupmenn, smásalar, innflytjendur, umhverfisverndarsamtök og neytendasamtök. Þessir aðilar skulu hittast á samráðsfundum. Framkvæmdastjórnin skal ákveða starfsreglur fundarins í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

16. gr.

Aðlögun að tækniframförum

Heimilt er að laga viðaukana við þessa reglugerð að tækniframförum, þar með taldar framfarir í viðeigandi alþjóðlegri starfsemi á sviði stöðlunar, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

17. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þar sem vísað er til þessarar greinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar,

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

18. gr.

Brot

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi laga- eða stjórnsýsluráðstafanir ef ákvæði þessarar reglugerðar eru ekki virt og tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir.

19. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Reglugerð (EBE) nr. 880/92 er hér með felld úr gildi. Hún skal þó gilda áfram um samninga sem gerðir eru samkvæmt 1. mgr. 12. gr. hennar. Ákvarðanirnar sem byggðar eru á reglugerð (EBE) nr. 880/92 haldast í gildi þar til þær eru endurskoðaðar eða falla úr gildi

20. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða kerfið í ljósi fenginnar reynslu af rekstri þess fyrir 24. september 2005.

Framkvæmdastjórnin skal gera tillögur að hvers kyns viðeigandi breytingum á þessari reglugerð.

21. gr.

Lokaákvæði

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júlí 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. GLAVANY

forseti.

—

*II. VIÐAUKI***ADFERÐAFRÆÐILEGAR KRÖFUR VEGNA SETNINGAR VIÐMIÐANNA FYRIR UMHVERFISMERKI****Inngangur**

Ferlið við að greina og velja lykilumhverfispætti sem og að setja viðmiðanirnar fyrir umhverfismerkið fela í sér eftirfarandi ráðstafanir:

- hagkvæmnis- og markaðsrannsókn,
- mat á endingartíma,
- umbótagreiningu,
- tillögu að viðmiðunum.

Hagkvæmnis- og markaðsrannsókn

Í hagkvæmnis- og markaðsrannsókninni verður hugað að mismunandi tegundum vöruflokka sem um ræðir á markaði bandalagsins, magni sem er framleitt eða boðið fram, flutt inn og selt og uppbyggingu markaðarins í aðildarríkjunum. Viðskipti innan og utan bandalagsins eru einnig tekin til skoðunar.

Skynjun neytenda, mismunandi notkun á vörutegundum og nauðsyn þess að greina undirflokkka verður metið.

Mat á endingartíma

Lykilumhverfispættir sem nauðsynlegt er að þróa viðmiðanir fyrir verða skilgreindir með hjálp mats á endingartíma og verða ákvarðaðir í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar aðferðir og staðla. Tekið verður tilhlýðilegt tillit til meginreglnanna sem mælt er fyrir um í stöðlunum EN ISO 14040 og ISO 14024 stöðlunum, eftir því sem við á.

Umbótagreining

Mat á umbótum tekur einkum tillit til eftirfarandi þátta:

- fræðilega möguleikans á umhverfisumbótum í tengslum við hugsanlegar breytingar á gerð markaðarins. Þetta verður byggt á umbótamatinu í mati á endingartíma,
- hvort þeir séu framkvæmanlegir í tæknilegu, iðnaðarlegu og efnahagslegu tilliti og með tilliti til breytinga á markaðnum,
- viðhorfi, skoðunum og venjum neytenda sem geta haft áhrif á skilvirkni umhverfismerkisins.

Tillaga að viðmiðunum

Í lokatillögu um vistfræðilegar viðmiðanir er tekið tillit til viðkomandi umhverfispáttanna er varða vöruflokkinn.


III. VIÐAUKI

LÝSING Á UMHVERFISMERKINU

Lögun umhverfismerkisins

Umhverfismerkið er veitt fyrir vörur sem eru í samræmi við viðmiðanirnar að því er varðar alla lykilumhverfisþætti sem valdir eru. Á því skulu koma fram upplýsingar til neytandans í samræmi við 8. gr. og eftirfarandi kerfi.

Merkið samanstendur af tveimur hlutum: reit 1 og reit 2 eins og sýnt er hér:

<p>UMHVERFISMERKI EVRÓPUSAMBANDSINS</p>  <p>Veitt vörum eða þjónustu sem uppfylla umhverfiskröfur kerfis um umhverfismerki Evrópusambandsins</p> <p><i>Skráningarnúmer leyfis:</i></p>	<p>*</p> <p>*</p> <p>*</p>
--	----------------------------

Reitur 1

Reitur 2

Í reit 2 koma fram upplýsingar varðandi ástæður þess að umhverfismerkið er veitt. Þessar upplýsingar verða að vísa til að minnsta kosti einna en ekki fleiri en þriggja umhverfisáhrifa. Upplýsingarnar skulu koma fram í lýsingu í fáum orðum.

Þetta er dæmi:

*	lítill loftmengun
*	orkunýting
*	minnkuð eituhrif

Reitur 1 og reitur 2 eru notaðir saman, svo fremi það sé framkvæmanlegt, en að því er smágerðar söluvörur varðar þar sem rými er mikilvægur þáttur er heimilt að sleppa reit 2 í sumum tilvikum, að því tilskildu að merkið í heild sé notað annars staðar í tengslum við sömu söluvöru. Til dæmis er heimilt að nota reit 1 einan og sér á vörinni sjálfri ef allt merkið birtist annars staðar á umbúðunum, upplýsingabæklungum eða öðru efni á sölustað.

IV. VIÐAUKI

MEGINREGLUR UM MÁLSMEÐFERÐ VIÐ ÁKVÖRÐUN VIÐMIÐANNA FYRIR UMHVERFISMERKI

Eftirfarandi meginreglur gilda fyrir þróun viðmiðana fyrir umhverfismerki sem og mats- og sannprófunarkröfur er varða þessar viðmiðanir:

1. Þátttaka hagsmunaaðila

- a) Koma skal á fót sérstökum vinnuhópi innan umhverfismerkinganefndarinnar sem í eru hagsmunaaðilarnir, sem um getur í 15. gr., og þar til bærir aðilar, sem um getur í 14. gr., sem hafi því hlutverki að gegna að þróa umhverfismerkisviðmiðanir fyrir hvern vöruflokk.
- b) Hagsmunaaðilar taka þátt í ferlinu að greina og velja lykilumhverfispætti og einkum að því er varðar eftirfarandi:
 - i) hagkvæmnis- og markaðsrannsókn;
 - ii) mat á endingartíma;
 - iii) umbótagreiningu;
 - iv) tillögu að viðmiðunum.

Þess verður kappkostað að ná fram samstöðu allan tíma ferlisins en um leið að stefna að víðtækri umhverfisvernd.

Vinnuskjal, þar sem teknar eru saman helstu niðurstöður hvers stigs, er birt og því dreift tímanlega til þátttakendanna fyrir fund sérstaka vinnuhópsins.

2. Opið samráð og gagnsæi

- a) Lokaskýrsla, þar sem fram koma helstu niðurstöður, verður gefin út og birt. Bráðabirgðaskjöl, þar sem fram koma niðurstöður af mismunandi stigum vinnunnar, verða gerð tiltæk þeim sem málið varðar og tekið verður tillit til athugasemda varðandi þau.
- b) Opið samráð varðandi efni skýrslunnar fer fram. Gefið verður tímabil sem nemur a.m.k. 60 dögum til að leggja fram athugasemdir varðandi drögin að viðmiðunum áður en viðmiðanirnar eru lagðar fram til nefndarinnar í samræmi við málsmeðferðina sem ákvörðuð er í 17. gr. Tekið verður tillit til allra athugasemda sem berast. Ef þess er óskað eru veittar upplýsingar varðandi það hvernig athugasemdunum er fylgt eftir.
- c) Í skýrslunni skal vera samantekt á aðalatriðum og viðaukar með nákvæmum útreikningum á innihaldi hennar.

3. Trúnaðarkvöð

Tryggð verður vernd trúnaðarupplýsinga sem berast frá einstaklingum, opinberum samtökum, einkafyrirtækjum, hagsmunahópum, hagsmunaaðilum eða annars staðar frá.

V. VIÐAUKI

GJÓLD

1. Umsóknargjöld

Fyrir umsókn um veitingu umhverfismerkis er greitt gjald sem svarar til kostnaðarins við afgreiðslu umsóknarinnar. Lágmarks- og hámarksgjald verður ákveðið.

Hvað lítil og meðalstór fyrirtæki snertir ⁽¹⁾ svo og vöruframleiðendur og þjónustuveitendur í þróunarlöndum verður umsóknargjaldið lækkað um að minnsta kosti 25%.

2. Árgjöld

Sérhver umsækjandi, sem veitt hefur verið umhverfismerki, borgar árgjald fyrir notkun merkisins til þar til bærs aðila sem veitt hefur merkið.

Tímabilið, sem gjaldið nær til, hefst á þeim degi sem umhverfismerkið er veitt umsækjandanum.

Árgjaldið verður reiknað út með tilliti til þess magns sem selt er á ári innan bandalagsins af vörunni sem umhverfismerkið er veitt fyrir. Lágmarks- og hámarksgjald verður ákveðið.

Hvað lítil og meðalstór fyrirtæki snertir ⁽¹⁾ svo og vöruframleiðendur og þjónustuveitendur í þróunarlöndum verður árgjaldið lækkað um að minnsta kosti 25%.

Heimilt er að veita umsækjendum, sem þegar hafa fengið vottun samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi (EMAS) eða ISO 14001-staðlinum, viðbótarlækkun á árgjaldinu.

Heimilt er, eftir því sem við á, að veita frekari lækkun á gjöldum samkvæmt ákvæðum 17. gr.

3. Kostnaður vegna prófana og sannprófana

Hvorki umsóknargjaldið né árgjaldið skal fela í sér kostnað við prófanir og sannprófanir sem geta reynst nauðsynlegar fyrir vörur sem verið er að sækja um fyrir. Umsækjendur skulu sjálfir standa straum af kostnaði við slíkar prófanir og sannprófanir.

Þegar mats- og sannpröfunarkröfumar eru gerðar verður að hafa að markmiði að halda kostnaði í algjöru lágmarki. Þetta er sérstaklega mikilvægt með tilliti til þess að auðvelda þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í umhverfismerkingakerfi bandalagsins og stuðla þannig að aukinni útbreiðslu kerfisins.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2006

⁽¹⁾ Lítil og meðalstór fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB (Stjóð. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4).